



Fjarskiptastofa

Ákvörðun nr. 6/2022

Álagning dagsekta á Ljósleiðarann ehf.

(1) Fjarskiptastofa (FST) skal halda stafrænan gagnagrunn um almenn fjarskiptanet (GAF) og í hann skal skrá upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika almennra fjarskiptaneta, bæði um virka og óvirka kerfishluta, sbr. 1. mgr. 62. gr. a fjarskiptalaga nr. 81/2003, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021.

(2) Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreina skylt að veita Fjarskiptastofu allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn.

I.

Upplýsingabeiðni

(3) Með vísan til framangreinds og vegna starfrækslu stafræna gagnagrunnsins var Ljósleiðaranum ehf., kt. 691206-3780, send beiðni dags. 23. júní sl. um upplýsingar um fjarskiptainnviði. Beiðnin var send í tölvupósti á netfangið ljosleidarinn@ljosleidarinn.is, sem og ítrekanir sem einnig voru sendar.

(4) Það skal tekið fram að FST notar tölvupóstssamskipti til að afla þessara upplýsinga frá fjarskiptafyrirtækjum. Ástæðan er að það er hagkvæmast í ljósi þess að FST þarf vegna hlutverks síns að afla upplýsinga frá á annað hundrað aðilum og jafnvel nokkrum sinnum á hverju ári. Mikilvægt er því að geta notað hröð og rafræn samskipti við upplýsingaöflunina þar sem FST fær mikið af tölvutækum skráum með þeim upplýsingum sem óskað er eftir hverju sinni.

(5) Hvað varðar Ljósleiðarann sérstaklega þá hefur FST hingað til getað sent á hið almenna netfang Ljósleiðarans sem gefið er upp á heimasíðu fyrirtækisins og fengið umbeðnar upplýsingar í framhaldinu, þar til nú. Það netfang er greinilega vaktað hjá fyrirtækinu því þegar svör hafa borist hafa þau komið frá einstökum starfsmönnum Ljósleiðarans sem hafa sent svörin úr eigin starfsmannanetfangi.

(6) FST hafa ekki borist upplýsingar frá Ljósleiðaranum um að hið almenna netfang sé ekki lengur í notkun eða FST eigi ekki að senda á það upplýsingabeiðnir eins og hingað til.

(7) Í beiðninni sem bara heitið „Upplýsingabeiðni um fjarskiptainnviði“ var nánar tiltekið óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

„Upplýsingar er varða fasteignir / mannvirki sem geta tengst netinu **1.7.2022** skráð í fyrirbyggjandi skjal frá Fjarskiptastofu. Einnig er óskað eftir gögnum er sýna *hnitsetta legu* eftirfarandi fjarskiptainviða miðað við sömu dagsetningu: ljósleiðaralagnir, koparlagnir, tækjahús og götuskápar / brunnar. Hafi engar uppfærslur orðið á neti fjarskiptafélags frá síðustu gagnaskilum óskar Fjarskiptastofa eftir upplýsingum þess efnis.“

(8) Þá var í beiðninni farið fram á að umbeðnum upplýsingum væri skilað á tilteknu formi sem var tilgreint nánar annars vegar hvað varðaði „mannvirki með möguleika á tengingu“ og hins vegar hvað varðaði „legu ljósleiðara, tækjahúsa og götuskápa/brunna“.

(9) Tekið var fram í beiðninni að nánari upplýsingar veitti undirritaður starfsmaður Fjarskiptastofu.

(10) Í beiðninni var veittur frestur til afhendingu umbeðinna upplýsinga til 21. júlí 2022.

II. Ítrekun

(11) Vegna þess að ekki bárust svör bárust við beiðninni innan tiltekins frests var beiðnin ítrekuð með bréfi Fjarskiptastofu dags. 8. ágúst 2022, sem einnig var sent á netfangið ljósleidarinn@ljósleidarinn.is. Í bréfinu var minnt á að samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu væri fjarskiptafyrirtækjum skylt að veita þær upplýsingar sem Fjarskiptastofa óskaði eftir.

(12) Var veittur viðbótarfrestur til afhendingar umbeðinna upplýsingar, sbr. bréf dags. 23. júní 2022, til 18. ágúst 2022.

III. Endurtekin ítrekun, lokafrestur og leiðbeiningar

(13) Umræddur frestur leið án þess að umbeðnar upplýsingar bærust FST.

(14) Vegna þess sendi Fjarskiptastofa nýja beiðni á sama netfang og áður um afhendingu umbeðinna upplýsinga dags. 22. ágúst 2022. Bar hún heitið „Gagnabeiðni um fjarskiptanet – Lokafrestur og aðvörðun um dagsektir“.

(15) Í bréfinu tók FST fram að framlengdur frestur væri nú liðinn án þess að umbeðnar upplýsingar hafi verið afhentar. Þætti FST því ekki annað fært en að gefa fjarskiptafélaginu lokafrest til 29. ágúst 2022 til að afhenda Fjarskiptastofu umbeðnar upplýsingar, skv. bréfinu frá 23. júní 2022.

(16) Það tók FST fram í bréfinu að bærust umbeðnar upplýsingar ekki innan lokafrestsins mætti fjarskiptafélagið búast við því að Fjarskiptastofa, án frekari fyrirvara, myndi leggja dagsektir á fjarskiptafélagið að fjárhæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem liði án þess að umbeðnar upplýsingar yrðu afhentar.

(17) Gefinn var lokafrestur til 29. ágúst 2022 til þess að afhenda umbeðnar upplýsingar.

IV.

Tilkynning um upphaf beitingu þvingunarúrræða

(18) Lokafresturinn leið þann 29. ágúst 2022 án þess að umbeðnar upplýsingar væru afhentar.

(19) Vegna þessa sendi FST þann 31. ágúst 2022 tölvupóst til fjarskiptafélagsins, á sama netfang og áður, þar sem vísað var til þess að lokafrestur væri liðinn og málið væri komið til lögfræðilegrar meðferðar innan FST vegna beitingar dagsekta fyrir hvern dag sem skil á upplýsingum tefðust.

V.

Álagning dagsekta

(20) Fjarskiptastofa hefur í tvígang framlengt frest þann sem hún upphaflega gaf fjarskiptafyrirtækinu til að afhenda umbeðnar upplýsingar með bréfinu frá 23. júní 2022, fyrst frá 21. júlí til 18. ágúst 2022 og síðan frá 18. ágúst til 29. ágúst 2022 án þess að umbeðnar upplýsingar hafi verið afhentar.

(21) Þá tilkynnti FST í tölvupósti til fjarskiptafyrirtækisins þann 31. ágúst 2022 að vegna þessa væri málið komið til lögfræðilegrar meðferðar vegna beitingar dagsekta, sbr. 19. gr. laga um Fjarskiptastofu.

(22) Þrátt fyrir framlengda fresti og aðvörun um álagningu dagsekta hafa umbeðnar upplýsingar ekki enn borist. Þá skal það áréttað að Ljósleiðarinn ehf. hefur í engu svarað umbeðnum beiðnum né reynt að koma með skýringar á því að þeim hafi ekki verið svarað.

(23) Hafi umbeðnar upplýsingar ekki borist fyrir 26. september nk. leggur FST á Ljósleiðarann ehf. dagsektir, sbr. heimild í 19. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu, að fjárhæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem líður án þess að upplýsingarnar séu afhentar. Mun upphaf dagsekta miðast við 27. september 2022 og verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt á 60 daga fresti (eða næsta virka dag þar á eftir) þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

Ákvörðunarorð

1. Þann 27. september 2022 eru lagðar á Ljósleiðarann ehf., kt. 691206-3780, dagsektir að fjárhæð kr. 75.000 fyrir hvern dag sem líður án þess að afhentar séu þær upplýsingar sem Fjarskiptastofa óskaði eftir þann 23. júní 2022 í beiðni sem bar heitið „Upplýsingabeiðni um fjarskiptainniði“.
2. Uppsöfnuð sektarfjárhæð verður innheimt á 60 daga fresti þar til skyldunni hefur verið fullnægt.

3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 19. september 2022,

Hrafnkell V. Gíslason

Hjalti Pálmason